

REGLUR

um breytingu á reglum um mat á áhættugrunni við útreikning á eiginfjárhlutfalli lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfafjónustu nr. 348/1996 með síðari breytingum.

1. gr.

8. gr. reglnanna verður eftirfarandi:

Verðbréfafyrirtæki skulu mánaðarlega senda skýrslu til Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárhlutfall og lánastofnanir og verðbréfamiðlanir ársfjórðungslega. Lánastofnanir, sem ekki reikna sérstakan áhættugrunn vegna veltubókarliða, sbr. ákvæði 6. gr., skulu senda hálf-árslega skýrslu til Fjármálaeftirlitsins. Sömu stofnunum er þó heimilt að senda einungis skýrslu miðað við árslok sé niðurstöðutala efnahagsreiknings viðkomandi stofnunar undir 2.000 m.kr. og eiginfjárhlutfall yfir 12% í upphafi árs. Ákvæði um skýrslugerð lánastofnunar sjaldnar en ársfjórðungslega eiga ekki við ef eiginfjárhlutfall stofnunar er lægra en 10% í upphafi árs.

Mánaðarlegar skýrslur verðbréfafyrirtækja skv. 1. mgr. skulu hafa borist Fjármálaeftirlitinu eigi síðar en 15 dögum frá uppgjörssdegi. Skýrslur lánastofnana og verðbréfamiðlana skv. 1. mgr. skulu hafa borist Fjármálaeftirlitinu eigi síðar en 30 dögum frá uppgjörssdegi.

2. gr.

Viðauki I hljóði svo:

VIÐAUKI I

Flokkun ríkja í svæði A og B sbr. 12. gr. reglnanna.

Eftirtalin ríki falla undir svæði A¹⁾

Austurríki	Ísland	Saudi-Arabía
Ástralía	Ítalía	Spánn
Bandaríkin	Japan	Stóra Bretland
Belgía	Kanada	Suður Kórea
Danmörk	Lúxemborg	Sviss
Finnland	Mexíkó	Svíþjóð
Frakkland	Noregur	Tékkland
Grikkland	Nýja-Sjáland	Tyrkland
Holland	Portúgal	Ungverjaland
Írland	Pólland	Þýskaland

Svæði B

Öll önnur ríki en þau sem falla undir svæði A.

3. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 1. mgr. 54. gr. laga nr. 113/1996, 10. gr. laga nr. 123/1993 og 1. mgr. 32. gr. laga nr. 13/1996 og öðlast þegar gildi.

16. apríl 1999.

Fjármálaeftirlitið,

Páll Gunnar Pálsson.

Ragnar Hafliðason.

¹⁾ Ríki sem þurfa að skuldbreyta erlendum skuldum sínum eru útilokuð frá svæði A í 5 ár frá þeim tíma.